



Borgarráð

### ***Tillaga að jólagjöf til starfsmanna Reykjavíkurborgar 2019***

Lagt er til að Reykjavíkurborg gefi öllu starfsfólki sínu gjafakort fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu í jólagjöf árið 2019. Heildarkostnaður við jólagjöfina er 47,9 m.kr. og færist af liðnum ófyrirséð.

Greinargerð

Hjá Reykjavíkurborg vinna rúmlega 9.000 einstaklingar við margvísleg störf í þágu borgarbúa og sinna þeim af alúð og áhuga. Ein af þeim leiðum sem vinnustaðir hafa til þess að sýna starfsfólki sínu þakklæti í verki er að gefa því jólagjafir. Því er lagt til að borgarráð samþykki að jólagjöf Reykjavíkurborgar árið 2019 til starfsfólks borgarinnar verði gjafakort fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu sem gildi allt árið 2020. Starfsfólk Reykjavíkurborgar hefur fengið samskonar jólagjöf undanfarin tvö ár og ríkir almenn ánægja með hana.

Borgarleikhúsið er ein af lykil menningarstofnunum Reykjavíkur og býður á hverju ári upp á fjölbreyttar leiksýningar við allra hæfi. Það er því vel viðeigandi að Reykjavíkurborg gefi miða fyrir tvo í Borgarleikhúsið í jólagjöf til starfsfólks og geri slíkt með viðauka við gildandi samning milli Reykjavíkurborgar og Borgarleikhússins.

Gildi jólagjafa er margþætt. Með því sýnir borgin þakklæti sitt til starfsfólks í verki og skapar um leið jákvætt viðhorf starfsmanna og almennt gagnvart vinnustaðnum. Slíkt er mikilvægt, ekki síst á tímum þar sem skortur er á starfsfólki í ýmis störf og hörð samkeppni er um hæft starfsfólk. Kostnaður við jólagjöfina er 47,9 m.kr. og færist af liðnum ófyrirséð.

Gleðileg jól

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Viðauki við samning Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur, drög

## Viðauki

við samning Reykjavíkurborgar kt. 530269-7609 og Leikfélags Reykjavíkur ses., Borgarleikhúsinu, Listabraut 3, 103 Reykjavík kt. 420269-6849 um rekstur Borgarleikhússins dags. 31. janúar 2013 með framlengingu til þriggja ára frá og með áramótum 2015-2016 dags. 5. febrúar 2016.

Viðauki þessi er gerður í kjölfar samþykktar borgarráðs þ. xx. nóvember 2019 á tillögu borgarstjóra um jólagjöf til starfsfólks Reykjavíkurborgar.

Við samninginn bætist eftirfarandi ákvæði sem kemur þegar til framkvæmdar.

Reykjavíkurborg kaupir af Borgarleikhúsinu samtals 9.300 gjafakort fyrir tvo á sýningar í Borgarleikhúsinu. Fyrir hvert gjafakort greiðir Reykjavíkurborg 5.150 kr., samtals kr. 47.895.000. Gjafakortin gilda frá útgáfudegi og út árið 2020.

Borgarleikhúsið annast hönnun á útliti og gerð gjafakortsins í samvinnu við Reykjavíkurborg og skal skila þeim í fullbúnum í gjafaöskjum til Reykjavíkurborgar eigi síðar en xx. nóvember 2019.

Reykjavík, xx. nóvember 2019

F.h. Reykjavíkurborgar

F.h. Leikfélags Reykjavíkur

Vottar að rétttri dagsetningu og undirskrift: